

## A 1732/kultur

<b>Flytjandi</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Nefndartillaga um Söngdag Norðurlanda****Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um  
að veita fjármagni til hátíðarhalda vegna Söngdags Norðurlanda

**Forsaga**

Alls staðar á Norðurlöndum er löng hefð fyrir samsöng, bæði í kórum og við ýmis hátíðarhöld, íþróttaviðburði og aðra mannfagnaði. Í löndunum er einnig að finna söngvasjóð að ausa af, söngvasjóð sem er hluti af sameiginlegum menningararfi okkar og sem þarf að varðveita en einnig að þróa áfram. Að syngja saman skapar samhygð í hópnum og um leið menningarlega samkennd.

Hætt er við að þekking á söngvum og hefðum eigin lands glatist þegar bæði fjölmiðlar í almannþjónustu og markaðsaðilar leika aðallega alþjóðlega tónlist, einkum frá Bandaríkjunum og Englandi. Þekking á sönghefðum hinna norrænu landanna verður æ fátæklegri, og þá einkum meðal barna og unglinga.

Þekkingar- og menningarnefndin leggur því til að öll norrænu löndin ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum haldi hátíðlegan Söngdag Norðurlanda á degi Norðurlanda þann 23. mars ár hvert. Söngdagur allra Norðurlanda beinir sjónum að og styrkir norræna samheldni og norrænan söngvasjóð. Söngdagur Norðurlanda er hvatning fyrir fólk til að koma saman og upplifa samkennd með sönghefðum eigin lands og Norðurlanda. Með því að læra að syngja á öðrum tungumálum og hlusta á þau, stuðlar söngdagurinn að auknum tungumálaskilningi.

Norræni söngdagurinn verður haldinn hátíðlegur í skólum, á bókasöfnum, á vinnustöðum, í menningar- og tónlistarhúsum og alls staðar þar sem fólk kemur saman. Til að vekja athygli á þessum degi þarf að koma á samstarfi og kynningarátaki. Bókasöfn á Norðurlöndum gegna hér mikilvægu hlutverki við að fræða og miðla upplýsingum um norræna söngdaginn. Skipaður verður ráðgjafahópur sem verður falið að taka saman safn norrænna söngva sem verði dreift með stafrænum hætti til bókasafna, skóla og vinnustaða. Til að þróa söngvasjóðinn enn frekar geta norræn tónsmiðasamtök staðið fyrir samkeppni þar sem vinningstillögur yrðu hluti af söngvasafninu.



Meðal mikilvægra samstarfsaðila sem taka þátt í verkefninu eru Arta Ghavami, sem samdi tónlistina við norræna þjóðsönginn, norrænu tónsmiðasamtökin, Danská ríkisútvarpið, Danskí tónlistardagurinn (*Spil Dansk Dagen*) í Danmörku, Norrænir tónlistardagar og Orkester Norden. Lýðháskólar á Norðurlöndum gætu orðið mikilvægir samstarfsaðilar með því að koma fram hver í sínu nærumhverfi. Einnig ætti að hvetja Norrænu félögin í löndunum til að taka þátt í þessu verkefni.

Sambandi hefur og verður komið á við fjölmarga aðila, til dæmis skipafélagið DFDS, Telenor, Egmontsjóðinn og Norræna menningarsjóðinn, Norrænu menningargáttina og aðra hugsanlega fjármögnunaraðila. Einnig hefur verið haft samband við öll norræn sendiráð í Danmörku sem líta verkefnið jákvæðum augum.

Í hinum skapandi ráðgjafahópi eiga sæti Michael Bojesen, tónsmiður og forstjóri Óperunnar í Málmey, Helle Thun, söngkona, Teitur, söngvari og tónlistarmaður, Bent Sørensen, tónsmiður, Sunleif Rasmussen, tónsmiður frá Færeyjum, Hanne Mulvad, píanóleikari.

Lögð hafa verið drög að kynningarstefnu, hún felur m.a. í sér auglýsingar á samfélagsmiðlum, samstarf við fjölmiðla í almannapjónustu alls staðar á Norðurlöndum, kynningu hjá fréttaveitum og dagblöðum, samstarf við sendiráð landanna.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin telur að Söngdagur Norðurlanda gæti orðið til þess að efla kóra og söngfélög og önnur samtök alls staðar á Norðurlöndum til að fagna Norðurlöndunum í söng á einum og sama degi. Sjónum mun beint að skólum, kóra- og sönghátíðum, tónlistar- og menningarhúsum. Einnig getur komist á áhugavert samstarf milli þessara aðila þannig að nemendur geti haldið upp á norrænan söngvasjóð og Söngdag Norðurlanda í samstarfi við atvinnufólk. Söngdagur Norðurlanda gæti einnig orðið til þess að dagur Norðurlanda 23. mars yrði þekktari um öll Norðurlönd.

Reykjavík, 20. september 2017

*Angelika Bengtsson (SD)*  
*Annette Lind (S)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Iddimanngiu Bianco (IA)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Johanna Karimäki (gröna)*

*Jorodd Asphjell (A), formaður*  
*Lars-Arne Staxäng (M)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Pauli Trond Petersen (T)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*